

Rökstuðningur vega úthlutunar styrkja

Þróunarverkefnasjóður Flateyri 2021

Auglýst var eftir umsóknum í þróunarverkefnissjóð Flateyrar þann 5. mars 2021, með umsóknarfrestur til og með 7. apríl 2021. Til úthlutunar eru 20 milljónir. Alls bárust 26 umsókn. Heildarumfang verkefna er umsóknir lúta að er um 71 milljónir. Sótt var um rúmlega 40,3 milljónir. Að mestu voru þetta umsóknir sem vísuðu til markmiða verkefnisins. Reynt var að velja sem fjölbreyttust verkefni og m.a. var stuðst við stigagjöf eftir mat á tilteknum þáttum í takt við markmið og áherslur verkefnisins. Mat verkefna tekur mið af íbúasamráði í tengslum við samfélagsverkefni á Flateyri og markmið Sóknaráætlunar Vestfjarða. Umsóknir sem bárust í sjóðinn voru metnar af verkefnisstjórn byggðalagsins, sem skipuð er fulltrúum frá Ísafjarðarbæ, Vestfjarðastofu og hverfisráði Flateyrar.

Veittir voru verkefnastyrkir til 18 verkefna samtals 20 milljónir króna. Þau 18 verkefni sem hlutu styrk í þetta sinn eru kynnt stuttlega hér að neðan. Þeir aðilar sem sendu inn umsóknir núna en fengu ekki úthlutað, verða hvattir eindregið til að senda þær aftur inn í næstu úthlutun. Einnig verða umsækjendur hvattir til að sækja um í aðra sjóði sem gætu vel fallið að þeirra verkefni og áformum.

Almennt:

Þróunarverkefnasjóður Flateyrar byggir á samskonar reglum og verklagi og unnið er með í verkefnum Brothættra byggða og getur sjóðurinn tekið þátt í fjármögnun styrkhæfs kostnaðar einstakra verkefna í samræmi við aðgerðaáætlun verkefnisins og /eða ákvörðun verkefnisstjórnar.

Verkefni þurfa að styðja við framtíðarsýn og markmið í Samfélagsverkefni á Flateyri ásamt markmið Sóknaráætlunar Vestfjarða. Ekki er gerð krafa um mótframlag en jafnan er það talið verkefnum til framdráttar ef þau laða fram krafta þátttakenda.

Styrkhæf verkefni eru rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefni þar sem markvisst er stefnt að markaðssetningu nýrrar eða endurbættrar vöru eða þjónustu. Einnig er heimilt að styrkja stofnfjárfestingu í hvers konar verkefnum að því gefnu að þau raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði. Enn fremur samfélagsefandi verkefni önnur en þau sem teljast til lögbundinna og/eða hefðbundinna verkefna ríkis eða sveitarfélaga. Um verkefni sem kostuð eru að hluta af verkefninu Brothættum byggðum gilda eftirfarandi reglur:

Styrkir til styrkþega séu innan marka samkvæmt reglum EES um minniháttaraðstoð:

Með vísan til reglugerðar um minniháttar aðstoð sem er hluti af EES-samningnum ber umsækjanda að upplýsa um annan opinberan stuðning á tveimur næstliðnum reikningsárum og yfirstandandi reikningsári vegna sama verkefnis eða annarra verkefna á vegum umsækjanda, enda sé sá stuðningur veittur í samræmi við reglugerð um minniháttar aðstoð. Samkvæmt reglunum mega styrkir ekki fara upp fyrir 200.000 evrur á þremur árum. Upplýsa skal hvort slíkur stuðningur hafi verið móttækinn og þá þær fjárhæðir sem um ræðir.

Um verkefni sem kostuð eru af verkefninu Þróunarverkefnasjóður Flateyrar gilda eftirfarandi reglur:

Viðurkenndir kostnaðarliðir vegna styrkhæfra verkefna:

- ✓ Laun og launatengd gjöld
- ✓ Rekstrarvörur og efni o.fl.
- ✓ Aðkeypt þjónusta
- ✓ Ferðir og fundir

- ✓ Markaðsrannsókn/könnun
- ✓ Stofnfjárfestingu, ef fyrir liggur að verkefni raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði.

Þróunarverkefnasjóður Flateyrar fjármagna ekki:

- ✓ Fjárfestingu í hráefnum þ.m.t. tækjum og búnaði sem eru hlutar af afurð eða þjónustu sem ætluð er til sölu.
- ✓ Fjárfestingu í sjálfu framleiðsluferlinu og umhverfi þeirra þ.m.t. húsnæði og tækjabúnaði til framleiðslu afurða og þjónustu sem ætluð er til sölu. Undantekning frá þessum lið er stofnfjárfesting í búnaði og aðstöðu að uppfylltum sérstökum skilyrðum um að verkefni raski ekki samkeppni (sjá nánar heildarreglur)
- ✓ Markaðsfærslu og sölustarfsemi umfram framangreint.

Verkefnisstjórn samfélagsverkefnis á Flateyri samþykkir ekki kostnað sem fallið hefur til vegna verkefnis áður en umsókn er lögð inn hjá verkefnisstjórn, þ.m.t. mótframlag þátttakenda.

Sjá reglurnar í heild sinni á slóð: <https://www.vestfirdir.is/static/files/Flateyri/verklag-um-umsyslu-fjarmuna-throunarsjods-flateyrar-2020.pdf>

Rökstuðningur með styrkveitingum vegna umsókn

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 1 – Ferðaþjónustuútgerð á Flateyri - gerð viðskiptaáætlunar 2021-2023 - Birkir Einarsson f.h. óstofnaðs félags

Sótt er um styrk til að vinna viðskiptaáætlun fyrir þjónustu við erlenda, og eftir atvikum innlenda, ferðamenn sem hingað vilja koma til að stunda veiðar á sjóstöng og ferðast um svæðið í kring. Á sama tíma og þeir fá tækifæri til að kynna menningu og sögu þorpsins. Umsækjandi áformar að kaupa bát og lítinn langferðabíl til ofangreinds reksturs. Bæði bátur og bíll geta nýst í önnur verkefni sem umsækjandi er að skoða, utan hefðbundins ferðamannatíma. Til að af þessum landvinningum og markaðssókn megi verða þurfa umtalsverðir fjármunir að koma til. Með ofangreint í huga er haldgóð og fagleg viðskiptaáætlun lykilþáttur í árangri fyrirtækisins til næstu ára og verður hún ekki aðeins notuð til sóknar í fjármuni heldur einnig sem vegvísir til næstu ára. Lokaafurð og markmið verkefnisins er að til verði haldgóð og fagleg viðskiptaáætlun sem styður umsækjanda í ofangreindu og að lokum í sókn á markaði.

Verkefnisstjórn telur verkefnið hafa möguleika á framgangi og falla vel að markmiðum og reglum sjóðsins.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 2 – Kajakferðir og veiðar Flateyri - gerð viðskiptaáætlunar 2021-2023 - Eyvindur Ásvaldsson f.h. óstofnað fyrirtækis

Sótt er um styrk til að vinna viðskiptaáætlun fyrir kajakleigu og ferðaþjónustu sem ætlunin er að setja upp á Flateyri fyrir sumarið 2022. Umsækjandi áformar að kaupa nokkurn fjölda af sjókajökum og stunda ferðaþjónustu á Flateyri. Ferðamönnum verður þannig gert kleift kaupa kajakferðir með leiðsögumanni ásamt því sem ætlunin er að bjóða upp á þann möguleika að fyrir ferðamenn að nota kajakana til veiða, kræklingatýnslu og annars konar matarleit. Þegar í land er komið eru ferðamenn aðstoðaðir við að verka afla og boðið verður upp á þann möguleika að slá upp veislu í samvinnu við leiðsögumann eða ferðaþjónustuaðila á svæðinu. Þjónustuna er svo hægt að útvíkka í samvinnu við aðra ferðaþjónustuaðila

á svæðinu með sölu á pakkaferðum ýmiskonar þar sem samtvinnuð verður ævintýraferð, gisting og matarupplifun. Til að af þessum fyrirætlunum geti orðið er mikilvægt að til sé fagleg og haldgóð viðskiptaáætlun.

Verkefnisstjórn telur verkefnið geta haft fjölbreytta möguleika og falla að markmiðum og reglum sjóðsins.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 4 - Viðburðarríkt sumar á Flateyri - Félag ferðapjóna í Önundarfirði

Sumarið 2021 ætla ferðapjónar í Önundarfirði að taka sig saman og bjóða upp á daglega viðburði til að fylgja eftir góðum árangri verkefnisins Fjör á Flateyri sem staðið var að síðasta sumar. Markmið verkefnisins er að bjóða upp á metnaðarfulla sumardagskrá viðburða, afþreyingar og þjónustu á Flateyri og í Önundarfirði í því skyni að laða að ferðafólk og fólk af svæðinu til Flateyrar, sem og að bjóða upp á úrval viðburða fyrir heimamenn. Farið verður í víðtæka markaðsherferð þar sem samfélagsmiðlar og auglýsingar til upphengis og á ferðamannakortum verða nýttar til að ná til ferðafólks. Með verkefninu vonast Félag ferðapjóna í Önundarfirði til þess að laða heimamenn, fólk af svæðinu og ferðafólk af landinu öllu til Flateyrar og styrkja þannig stóðir þeirra fyrirtækja sem bjóða þjónustu á svæðinu.

Verkefnisstjórn telur verkefnið geta ýtt undir samstarf hlutaðeigandi aðila á Flateyri. Að mati verkefnisstjórnar er umsóknin og verkefnið vel unnið og fellur vel að markmiðum og reglum sjóðsins.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.200.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 7 – Gamanmyndahátíð Flateyrar 2021 - Gaman Gaman Félagasamtök

Gamanmyndahátíð Flateyrar hefur styrkt samfélagið á Flateyri með margvíslegum hætti undanfarin ár. Nú þegar hefur hátíðin skapað hálfársstarf á Flateyri og vonumst við til þess að þau verði orðin tvö innan fimm ára. Þá hefur hátíðin aukið menningarlega fjölbreytni á svæðinu og gert það að vænlegri búsetukosti samhliða því að styrkja jákvæða ímynd Flateyrar, sem var mikil þörf á. Gamanmyndahátíð Flateyrar er eina kvikmyndahátíðin á Íslandi, og aðeins ein örfár í heiminum, sem sérhæfir sig í gamanmyndum. Með áherslu á gamansamar kvikmyndir auk annara skemmtilegra viðburða hefur okkur tekist að skapa einstakt andrúmsloft og skemmtilega kvikmyndahátíð sem er vel sótt af almenningi. Bæði af heimamönnum, sem og af innlendum og erlendum gestum. Gamanmyndahátíð Flateyrar leggur mikla áherslu á fræðslu og vinnusmiðjur sem tengjast gamanmyndagerð, með það að markmiði að fjölga gamanmyndum. Árið 2019 var sett upp fyrsta 48 stunda vinnusmiðjan og á þessu ári verður samskonar vinnusmiðja sett upp á Flateyri, auk þess sem að hún verður einnig sett upp á Grænlandi og Færeyjum á komandi árum. Þannig eflum við gamanmyndagerð á þessum þremur eyjum í Norður-Atlantshafi og styrkjum um leið tengsl og samvinnu þessara landa í gegnum gleði og hómor.

Verkefnisstjórn telur að verkefnið geti haft nokkuð mikil og góð samfélagsleg áhrif og falli vel að markmiðum og reglum sjóðsins. Flott verkefni, góð og vel unnin umsókn.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.500.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 9 – Beturbætur á Gunnukaffi - GunnuKaffi

Gunnukaffi er eina starfandi verslunin á Flateyri. Jafnframt er rekið mötuneyti í Gunnukaffi og kaffihús sem er mikilvægt fyrir félagslíf Flateyringa. Starfsemin er því mikilvæg fyrir bæjarbúa og fyllir upp í það skarð sem myndaðist þegar Bakkabúð lokaði. Til þess að Gunnukaffi geti sinnt þessum mikilvægu samfélagsverkefnum þarf að bæta vinnuaðstöðu og framleiðni fyrir mötuneyti og veitingar. Veigamikill þáttur í viðleitni okkar til að auka þjónustu við Flateyringa er að geta aukið vöru úrval í versluninni ss í ferskvöru og dagvöru almennt. Með auknu vöru og þjónustuframboði getur Gunnukaffi einnig betur sinnt því hlutverki að mæta þeim vanda sem felst í því að Hvíltarströnd er oft lokuð yfir vetrarmánuðinna og þar með erfitt um aðdrætti fyrir Flateyringa. Gangi þessi áform eftir teljum við að árangur megi mæla í aukinni verslun í heimabyggð sem endurspeglar bættu þjónustu við Flateyringa á þessu mikilvæga sviði. Mikilvægi þess að íbúar hafi gott aðgengi að verslun er óumdeilt og þrátt fyrir gott úrval verslana á Ísafirði er ljóst að verslun eins og Gunnukaffi er mikilvæg þjónusta í nærumhverfi. Efling þessarar starfsemi mun þar með koma öllum Flateyringum til góða og auka búsetugæði.

Verkefnisstjórn telur verkefnið hafa mikið samfélagslegt gildi. Verslun í heimabyggð sé litlum samfélögum nauðsynleg og sú fjölbætta þjónusta sem þar er veitt. Brýnt sé að hafa matvöruverslun á staðnum, að halda úti matvöruverslun á litlum stað er mjög erfitt. Þess vegna telur verkefnisstjórn að styrkja eigi verkefnið og telur það falla vel að áherslum sjóðsins hvað varðar samfélagslega ábyrgð og jákvæð áhrif á samfélagið í heild sinni.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.000.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 10 - Alþjóðlega brúðusafnið - Útlitshönnun og markaðsefni - Ísak Einarsson og Margeir Haraldsson

Alþjóðlega brúðusafnið á Flateyri er eina brúðusafn sinnar tegundar á Íslandi og þykir einstakt á heimsvísu. Hjónin Prof. Norvert Pintsch og Dr. Senta Siller gáfu Minjasjóði Öfundarfjarðar safnið skömmu eftir snjóflóðið 1995 og hefur síðan þá prýtt ýmis rými á Flateyri. Safninu hefur ekki verið gert hátt undir höfði síðustu ár og hefur aldrei verið lögð sú vinna í markaðssetningu sem umsækjendum þykir það eiga skilið. Ekki er til neitt rafrænt eða prentað markaðsefni um safnið og lítið af efni til sem hægt er að nota í auglýsinga- og kynningarstarfi fyrir safnið. Þeir fáu sem hafa lagt leið sína á safnið undanfarin ár hafa annars vegar fengið ábendingar frá heimamönnum um tilvist safnsins eða rambað á það litla efni sem til er á netinu, þar á meðal má nefna gamla bloggsíðu sem ekki hefur verið uppfærð síðustu ár. Umsækjendur sjá mikla möguleika til úrbóta á ofangreindu, þar með talið að gera tilvist safnsins sýnilegri, meira aðlaðandi út á við og fá þannig fleiri til þess að gera sér leið á Flateyri til þess að skoða safnið. Verkefnið felst í því að ráðast í hönnun á sýningarbakklengi, markaðsefni af ýmsum toga auk þess sem setja á þeir upp vefsíðu með upplýsingum um safnið, þ.m.t. ítarlegri sýningarskrá yfir brúður.

Verkefnisstjórn telur verkefni geta bætt við viðkomustaði fyrir gesti Flateyrar í sumar og falli að markmiðum og reglum sjóðsins.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 12 - Hjálmur - Gerð viðskipta- og fjárhagsáætlunar 2021-2023 - Hjálmur Fasteignir ehf.

Sótt er um styrk til að vinna viðskipta- og fjárhagsáætlun fyrir verkefni sem ætlunin er að Hjálmur fasteignir ehf ráðist í. Ráðgert er að viðskiptaáætlunin nái til næstu tveggja ára. Markmiðið með verkefninu sem hér er sótt um styrk fyrir er að standsetja húsnæði og koma upp aðstöðu sem verður í senn vottað framleiðslueldhús og lítil verslun sem mun selja vörur frá smáframleiðendum á Vestfjörðum. Til þess að ofangreint verði að veruleika er mikilvægt að huga að markmiðum og áherslum í rekstri og markaðssókn fyrirtækisins. Með ofangreint í huga er haldgóð og fagleg viðskiptaáætlun lykilþáttur í árangri fyrirtækisins til næstu ára og verður þannig ekki aðeins notuð til sóknar í frekari fjármuni heldur einnig gegnsjár sem ætlunin er að starfa eftir til næstu ára.

Verkefnisstjórn telur verkefnið geta haft jákvæð áhrif og falla að markmiðum og reglum sjóðsins, þar sem hér er um að ræða gerð viðskiptaáætlunar, um stofnfjárfestingu í búnaði og aðstöðu. Verkefnisstjórn vil ennfremur benda á að gæta þurfi að samkeppnisumhverfi verkefnisins innan atvinnusvæðisins.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 15 – Hreystibærinn Flateyri - Tækjasalur í Sundlaug Flateyrar - Íþróttafélagið Grettir

Tækjasalurinn í æfingarými sundlaugarinnar hefur verið rekinn um árabíl af Ísafjarðarbæ í tengslum við rekstur á sundlauginni en ekki hafa fengist fjármunir til að uppfæra búnaðinn sem er orðinn lélegur og afar takmarkaður og sem afleiðing af því lítið notaður. Verkefni það sem hér er sótt um styrk fyrir og hefur verið á teikniborðinu um nokkurt skeið, snýst um að uppfæra tækjabúnað til líkamsræktar í æfingarými í Sundlaug Flateyrar og koma þar upp upplýsingum um æfingar og æfingaplön sem geta nýst íbúum á Flateyri og öðrum við líkamsrækt. Að auki er gert ráð fyrir að keyptur verði ferðahátalari sem bæði er hægt að nota í æfingaaðstöðunni og í hóptímum í íþróttasal. Með verkefni þessu er markmiðið að gera æfingastöðu í Sundlaug Flateyrar eftirsóknarverða fyrir íbúa og gesti á Flateyri í því skyni að auka notkun á aðstöðunni og hvetja um leið íbúa á Flateyri til aukinnar líkamsræktar.

Verkefnisstjórn telur að þetta verkefni hafi mikið samfélagslegt gildi og falli vel að markmiðum og reglum sjóðsins.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.400.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 17 – Lýðskólinn - skapandi miðstöð - Lýðskólinn á Flateyri

Sótt er um styrk til að fjármagna kaup á tæknibúnaði sem nauðsynlegur er til frekari uppbyggingar skapandi menntunar í Lýðskólanum á Flateyri. Búnaðurinn verður notaður í kennslu og skólatengd verkefni við skólann, en markmiðið er einnig að gera búnaðinn aðgengilegan einstaklingum og fyrirtækjum á Flateyri fyrir skapandi eða listræn verkefni þeirra og vonandi laða að skapandi frumkvöðla og sjálfstætt starfandi einstaklinga til vinnu og búsetu á Flateyri. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að fjárfesta í vönduðum tæknibúnaði sem uppfyllir kröfur um slíka notkun og framkvæmd skapandi verkefna. Lýðskólinn á Flateyri er orðinn rótgróinn lýðskóli, eini sinnar tegundar á Íslandi. Meginhlutverk skólans er að mennta ungt fólk, á óformlegan hátt með ólíkum námskeiðum og þróa hæfileika nemenda á áhrifaríkan hátt. Það er vilji skólans að útvíkka hlutverk sitt enn frekar og þjóna íbúum og öðrum í sveitarfélaginu og vera í fararbroddi í þróun og nýsköpun á svæðinu.

Starfsemi Lýðskólans er mikilvæg samfélaginu á Flateyri og vill verkefnisstjórn sýna stuðning með því að veita skólanum lítilsháttar styrk til verkefnisins.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 600.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 18 - Trimblur á tromblunum I & II - Margeir Haraldsson

Listahópurinn Allt kollektív stefnir á að halda tvær stórar listasýningar á Flateyri árið 2021. Fyrri sýninguna átti að halda laugardaginn 3.apríl um páskahelgina en honum hefur verið frestað um óákveðin tíma vegna samkomutakmarkana sem settar voru á 25.mars s.l. Seinni viðburðurinn verður haldinn síðustu helgina í september en þá er Lýðskólinn á Flateyri iðulega settur og því mikið af fólki í bænum. Skipuleggjendur hafa trú á því að þetta muni efla menningarlíf á Flateyri og komi til með að stuðla að því að gera Flateyri meira aðlaðandi fyrir ungt listafólk sem og menningarunnendur. Framtíðarsýn listahópsins er sú að þessir viðburðir verði haldnir árlega og muni stækka með hverju árinu og þannig veita stöðugan vettvang fyrir listafólk til að sýna verk sín og koma sér þannig á framfæri.

Verkefnisstjórn telur verkefnið falla vel að markmiðum og reglum sjóðsins.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 200.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 19 – Tilraunaveiðar á krabba - ÓR Líz ehf.

Sótt er um styrk til tilraunaveiða á krabba í Önundarfirði. Markmið verkefnisins er að kanna hvort krabba er að finna í Önundarfirði í nægjanlegu magni til að hægt sé að stunda hér krabbaveiðar og -vinnslu með arðbærum hætti auk þess sem gerðar verða tilraunir mismunandi aðferðir og veiðarfæri við veiðarnar. Akurinn er nokkuð óplægður en vonir standa til þess að nægilegt magn sé af ýmsum krabbategundum í firðinum til að skapa hér störf við veiðar og síðar vinnslu og hafa um leið jákvæð áhrif á atvinnuþróun og styrkja stoðir atvinnugreina tengdum sjávarútvegi, sem eiga verulega högg undir að sækja um þessar mundir á Flateyri. Lokaafurð verkefnisins verður skýrsla með niðurstöðum tilraunaveiða sem ætlað er að sýna fram á það magn krabba sem hér er að finna, þá veiðistaði sem vænlegir eru ásamt því sem niðurstöður munu gefa til kynna hvaða gildirur og aðferðir við veiðar eru líklegastar til að skila árangri

Verkefnisstjórn vil benda á að sambærileg verkefni hafa verið styrkt á Þingeyri og á Ströndum og því eigi að skilyrða styrkinn, fyrir því að leitað verði samstarfs við þá aðila á svæðinu, sem þegar hafa hrundið af stað sambærilegum verkefnum. Verkefnisstjórn telur enn fremur að verkefnið geti ýtt undir aukna og fjölbreyttari atvinnusköpun á svæðinu ef vel tekst til. Einnig vill verkefnisstjórn leggja á það áherslu að þau gögn sem aflað er í tengslum við verkefnið verði gerð aðgengileg fyrir aðra.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 20 - Sjóböð í Holti - markaðsgreining og frumhönnun - Ráðgjöf og verkefnastjórnun (RRV ehf.) og Óttar Guðjónsson

Sótt er um styrk til að kosta gerð markaðsgreiningar og frumhönnun vegna uppbyggingar heitrar laugar við Holtsbryggju í Önundarfirði eða annars staðar í firðinum sem grundvöll til uppbyggingar sjóbaða. Verkefnið hefur þegar hlotið styrk til framkvæmdar á fýsileikakönnun og kostnaðargreiningu vegna verkefnisins og hefur sú vinna þegar farið fram og liggja niðurstöður fyrir. Lokaafurð og markmið verkefnisins er að til verði greining á mögulegum markhópum verkefnis en mikilvægt er að tekið verði

tillit til slíkrar greiningar í frumhönnun aðstöðunnar sem fyrirhugað er að láta vinna á næstu mánuðum og umsókn þessi nær einnig til. Lokaafurð verður einnig í formi niðurstöðu úr vinnu við frumhönnun sem tekur til staðarvals, efnisvals og grófrar hönnunar á aðstöðunni.

Verkefnisstjórn telur að verkefnið geti skapað góðan segul fyrir allt svæðið og muni einnig nýttast nærsamfélaginu vel. Verkefnisstjórn telur að skilyrða eigi styrkveitinguna því að fyrir liggja skrifleg samþykkt sveitarfélagsins og landeigenda. Óskað verði eftir ítarlegri gögnum frá umsækjenda hvað varðar samvinnu við landeigendur og viljayfirlýsingu frá Ísafjarðarbæ út frá skipulagssjónarmiði.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 4.000.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 21 – Áttthagar og Norðurljós - Sigrún Svanhvít Óskarsdóttir

Sótt er um styrk til að vinna við hönnun og smíði á þrívíddargerðum norðurljósalampa auk undirbúnings við að koma umræddum lampa í framleiðslu og að lokum í sölu til almennings, þ.e. styrkur verður einnig nýttur í að gera sölu- og markaðsáætlun fyrir verkefnið auk hönnunar og framleiðslu umbúða. Hönnun umrædds lampa vísar til þess að sýna dansandi norðurljós á himni með fjöllin í Öfundarfirði eða annara áttthaga í forgrunni. Lampinn verður gerður úr þremur lögum af plexigleri: fyrsta lagið er útskorin mynd (í plexigleri) af áttthaga, miðlag er útskorin slæða norðurljósa og í aftasta lagi eru útskornar. Að verkefni loknu er gert ráð fyrir að til verði frumgerð sem tilbúin verður til framleiðslu, umbúðir verða til fyrir vöruna auk þess sem til verður haldgóð markaðs- og söluáætlun sem unnið verður eftir.

Verkefnisstjórn telur ekki liggja ljóst fyrir í gögnum umsækjenda hvort markaður sé fyrir afurðina og hvort framleiðslumöguleikar séu til staðar. Því telur verkefnisstjórn að skilyrða ætti styrkinn því að hann yrði nýttur eingöngu til að gera viðskiptaáætlun um verkefnið.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 22 - Skautasvell á Flateyri - Sigurjón Jóhann Hafberg

Markmið verkefnisins og lokaafurð er bygging á skautasvelli á Flateyri auk eldstæðis og annarri aðstöðu í kringum svellið til útiveru og ánægjustunda fyrir Flateyringa og gesti þá er heimsækja þorpið. Markmiðið er ekki síst að auka við möguleika í afþreyingu á Flateyri og gefa fólki á öllum aldri, leik- og grunnskólabörnum, lýðskólanemendum, foreldrum, ömmum og öfum, tækifæri til að koma saman og eiga ánægjulegar stundir í hollri útiveru og fallegu umhverfi. Skautasvellið verður 300 m². Lagnir verða undir steypunni þannig að hægt verði að skauta þó frost sé lítið. Gert er ráð fyrir að svellið verði í notkun frá nóvember til maí á ári hverju. Svæðið má þó nota til annarra íþróttar eða annars utan þess tíma. Árangurinn mun ekki síður lýsa sér í því að hér verður byggilegra með tilkomu fleiri afþreyingarmöguleika en með þessu verkefni er ekki síst stuðlað að möguleikum til heilbrigðrar útiveru og samverustunda íbúa og gesta.

Verkefnisstjórn telur að verkefnið hafi mikið samfélagslegt gildi og falli vel að markmiðum og reglum sjóðsins.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 2.000.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 23 - Skúrin samfélagsmiðstöð á kortið! - Skúrin samfélagsmiðstöð á Flateyri ehf.

Sótt er um styrk til þess að vinna að markaðssetningu á Skúrinni, samfélagsmiðstöð á Flateyri. Markmiðið er að festa Skúrina í sessi sem góðan kost fyrir fólk í starfi án staðsetningar, frumkvöðla á farandsfæti, sjálfstætt starfandi aðila og aðra þá sem geta nýtt sér vinnuaðstöðu á Flateyri í lengri og skemmri tíma. Markmiðið er að markaðssetja Skúrina bæði innanlands og erlendis. Ráðgert er að hanna markaðsefni, afla mynda og efnis til markaðssetningar, bæta heimasíðu um leið og ráðist verður í átak á samfélagsmiðlum og víðar í markaðssetningu á starfseminni því sem í Skúrinni og á Flateyri er í boði. Sótt er um styrk til ráðningar á utanaðkomandi ráðgjafa sem heldur utan um ofangreint átak. Skúrin ehf. er nýstofnuð samfélagsmiðstöð á Flateyri þar sem markmiðið er að reka og leigja út húsnæði til reksturs frumkvöðlaseturs, samfélagsmiðstöðvar og fyrirtækjahótels.

Verkefnisstjórn telur starfsemi Súkrarinnar mikilvæga fyrir framtíðarþróun atvinnuþbyggingar og nýsköpunar og telur því rétt að styrkja verkefnið að hluta.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 600.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 25 - Snjóflóðasafnið á Flateyri - Hönnun sýningarýmis - Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson

Í þessum áfanga verður sýning snjóflóðasafns Flateyrar hönnuð, teikningar og útfærsla fullkláruð þannig að hægt sé að hefjast handa við smíði og uppsetningu snjóflóðasýningarinnar. Að þessum áfanga loknum verður allt myndefni um uppsetningu safnsins klárt, kynningarmyndband sem leiðir okkur í gegnum safnið, sem og lýsingarhönnun og tækniteikningar svo hægt sé að hefja framkvæmdir. Að ljúka þessum áfanga gerir okkur kleyft að kynna verkefnið betur til fjárfesta og sjóða ásamt því að hægt verður að hefja framkvæmdir við smíði og uppsetningu safnsins í nýju húsnæði.

Verkefnisstjórn telur verkefnið falla vel að markmiðum og reglum sjóðsins, umsóknin sé vel unnin og ítarleg. Greinilegt er að mikil grunvinna hefur verið lög í verkefnið og það vel útfært.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 4.000.000,-

Verkefni ÞS-Flat-2021 – 26 - Menningarmiðstöð á Vagninum - Viktor Gíslason og Jenný María Unnarsdóttir

Markmiðið er að setja upp menningar- og ferðamannamiðstöð í húsnæði Vagnsins, í hjarta Flateyrar. Þar verður staðsett upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn, lítil verslun með vörum frá smáframleiðendum á Vestfjörðum & listafólki hér á svæðinu og síðast en ekki síst kaffihús. Húsnæði Vagnsins hefur hingað til ekki verið nýtt á daginn og því upplagt auka við opnunartíma og þjónustustig. Menningarmiðstöðin mun að auki leggja mikið upp úr því að bjóða upp á hina ýmsu viðburði, þar á meðal vikulega viðburði sem yrðu hluti af verkefninu „Viðburðaríkt sumar á Flateyri“. Miðstöðin verður opin frá 12-18 alla daga vikunnar frá miðjum júní fram í miðjan ágúst. Í boði verður að versla vörur úr heimabyggð, fá upplýsingar um ferðaþjónustu hér á svæðinu og bóka ferðir og afþreyingu. Einnig verður hægt að ganga að vikulegum viðburðum sem föstum lið og getur það lífgað upp á tilveru heimafólks sem og dregið að ferðamenn.

Verkefnisstjórn telur að skilyrða beri styrkinn við stuðning við viðburðarþátt verkefnis þar sem aðrir þættir þess falla undir samkeppnissjónarmið og eru því ekki í takt við reglur sjóðsins.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 400.000,-

Verkefnisstjórn vill hér með óska öllum styrkþegum til hamingju með styrkina og væntir mikils af samstarfinu.

F.h. úthlutunarnefndar

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir